

Kirkjuþing 2023-2024

4. mál – þskj. 4a.

Skýrsla um úttekt á sameiningu prestakalla, sbr. 27. mál 2022-2023.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af biskupafundi.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

Spurningakönnun um sameiningu prestakalla

Með þingsályktun í máli 27/2022-2023 var endurskoðun á áformum um sameiningu prestakalla vísað til biskupafundar í trausti þess að farið yrði í faglega úttekt á sameiningum prestakalla með þar til bærum sérfræðingum m.t.t. þjónustu kirkjunnar, samhliðaáhrifa og skipulagi kirkjunnar í héraði. Í framhaldi af því var sr. Stefáni M. Gunnlaugssyni falið að vinna spurningakönnun sem send var prestum, djáknum, formönnum og varaformönnum og riturum sóknarnefnda í prestaköllum sem hafa verið sameinuð.

Framkvæmd könnunar

Biskupsstofa tók saman netföng presta, djákna, formanna og varaformanna/ritara sóknarnefnda í prestaköllum sem hafa verið sameinuð. Tölvupóstur með hlekk á spurningarnar var sendur út 3. október og var hægt að svara spurningunum til 10. október. Spurningarlistinn var lagður fyrir allt þýðið sem eru 45 prestar/djákna og 195 formenn og varaformann/ritara samtals 240. Alls svöruðu 126 spurningarlistanum eða 53%. Svarhlutfall presta/djákna var nokkuð hærra (75%) en sóknarnefndarfólks (48%).

Samantekt

Flestir sem svara eru jákvæðir í garð sameiningarinnar, nema þegar kemur að stuðningi Biskupsstofu þar er óánægjan mest. Þó er nokkuð hátt hlutfall sem telur að engin breyting hafi átt sér stað.

Árangur af sameiningu prestakalla samkvæmt svörum við spurningunum er mestur í þáttum sem falla undir starfssvið presta. Þetta kemur fram í að samstarf hefur aukist, skipulag kirkjustarfs og helgihalds hefur orðið betri og styrkleikar presta nýtast betur. Sameiningin hefur haft minni áhrif á starf sóknanna, sbr. að lítil breyting hefur orðið á samstarfi sókna, styrkleikar annars starfsfólks og þjónustu kirkjunnar. Jafn stórir hópar telja að árangur af sameiningunni hafi verið góður og hvorki né.

Opnar spurningar

Þegar spurt var um hvað sameiningin hefur haft mest áhrifa í starfi og helgihaldi er oftast nefnt álag. Það hafi annars vegar minnkað með auknu samstarfi presta og safnaða og hins vegar að það hafi aukist vegna þess að sameiningin hafi leitt til fækkunar presta/djákna og

Þjónustusvæðið hafi stækkað og kirkjum hafi fjölgað sem þarf að þjóna. Í því sambandi er einnig bent á að tengsl við prestinn hafi minnkað og fólk veigri sér við að hafa samband vegna álags. Þá er einnig nefnt að sameining hafi leitt til aukinnar þjónustu, t.d. fjölbreyttara helgihald, styrkleikar prests nýtist betur, sameinlegs starfs o.þ.h. Á móti tala aðrir um að það hafi dregið úr starfið og helgihald fegna fækkunar presta/djákna og breyttrar búsetu. Loks er nefnt að samstarf starfsfólks, s.s. prest og organista og samstarf sókna hafi aukist.

„Aukið samstarf og fjölbreyttara helgihald eru kostirnir en gallarnir þeir að prestarnir hafa einnig þurft að fara inn í mörg önnur mál en hefðbundin störf presta vegna sameiningar. Árangurinn af sameiningunni er góður sem slíkur að því leyti að sameiningin gekk upp og hefur bætt helgihaldið hins vegar get ég ekki séð að starf safnaðanna í prestakallinu sé betra enda færri hendur að vinna fleiri verk.“

„Í minni sókn hafa áhrifin orðið þau að presturinn/prestarnir hafa fjarlægst nærumhverfið þar sem þeir eru nú allir með aðstöðu í safnaðarheimili stærstu sóknarinnar og fara ekki í minni sóknirnar nema þegar þörf krefur t.d. þegar messað er.“

Í síðari spurningunni var hægt að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum varðandi sameiningu prestakalla. Oftast var nefnt að undirbúningur hafi ekki verið nægilega góður, skortur á samráði og stuðningur eftir sameiningu hafi verið lítill. Einnig eru ábendingar um að þjónustan hafi breyst. Á sumum stöðum til batnaðar með betra skipulagi, auknu framboði af þjónustu og betri samnýtingu starfsfólks. Einnig er nefnt að þjónustan hafi versnað einkum vegna álags af völdum fækkunar presta og prestaköllin orðin of víðfem, mikill akstur, tengsl við presta hafi minnkað og prestur búi ekki á svæðinu. Þá eru nokkrir sem nefna sameiningu prestakalla hafi skilað litlu og það þurfi að horfa í auknum mæli til sameiningar sókna.

"Sameiningin heppnaðist vel því við ákváðum að láta það vera svo. Stuðningur frá Biskupsstofu var lítill sem enginn og enginn var með yfirumsjón yfir ferlinu. Engar ráðleggingar, engin eftirfylgni. Enginn sem hringdi til að spyrja hvernig gengi.“

„Í mínum huga er ljóst að sameiningin hefur aukið þjónustu í öllum kirkjum í hinu nýja og stækkaða prestakalli.“

„Fækkun presta og sameiningu prestakalla samhliða er þjónustuskerðing og mikilvægt að sóknirnar fái ekki önnur skilaboð frá kirkjustjórninni.“

Samanburður á spurningum

Tími frá sameiningu

Flestir eða um 70% sem svara eru frá prestaköllum sem hafa verið sameinuð á síðustu þremur árum. Þar sem aðeins 37 (30%) sem tilheyra seinni hópnum (4 ár og lengur) er samanburður á svörum þessara hópa ekki marktækur, en gefur það eru vísbendingar um meiri jákvæðni til sameiningar þegar lengra er liðið frá sameiningu. Þetta kemur fram í spurningum um árangur af sameingunni (sp 9) og hvort þjónustan hafi orðið betri (sp 10).

Tafla 1: Árangur af sameiningu (sp 9)

	Góður		Hvorki né		Slæmur		Samtals	
1-3 ár	34	39%	38	43%	16	18%	88	100%
meira en 4	19	51%	15	41%	3	8%	37	100%

Tafla 2: Áhrif á þjónustu kirkjunnar í prestakallinu (sp 10)

	Betri		Engin		Versnað			
1-3 ár	22	25%	47	54%	18	21%	87	100%
meira en 4	16	43%	14	38%	7	19%	37	100%

Þar sem lengra er frá sameiningu telja 81% að engin breyting hafi orðið á að nýta styrkleika annars starfsfólks sókna í sameinuðu prestakalli (sp 4) samanborið við 70% í prestaköllum sem hafa verið sameinuð á síðustu þremur árum sem telja jafnframt að það hafi versnað (22% 1-3 ár samanborið við 14% lengur en 4 ár). Þegar spurt var um áhrif sameiningar á skipulag helgihalds og kirkjustarfs (sp 5 og 6) telja þau sem starfa í prestaköllum lengur en 4 ár eru frá sameiningu telja að það hafi orðið betra. (skipulag kirkjustarfs hafi batnað 44% í 1-3 ár og 56% í lengur en 4 ár – skipulag helgihalds hafi batnað 43% í 1-3 ár og 61% lengur en 4 ár). Þau sem starfa í prestaköllum þar sem lengra en 4 ár eru liðin frá sameiningu eru jákvæðari í garð sameiningarinnar og áhrifa hennar í öðrum spurningum, en munurinn er minni.

Prestar/djákna og sóknarnefndarfólk

Samanburður prestum/djáknum og sóknarnefndarfólki er ekki marktækur því of fáir prestar/djákna eru í þýðinu. Svörin gefa vísbendingar um að prestar/djákna telja frekar að samstarf sókna (sp 2) hafi aukist (50% - sóknarnefndarfólk 32%) eftir sameininguna. Sama á við um að styrkleikar annars starfsfólks sókna nýtist betur (sp 4) (prestar/djákna 33% - sóknarnefndarfólk 14%). Hærra hlutfall sóknarnefndarfólks (77%) telur að engin breyting hafi orðið (58% presta/djákna). Hvað varðar áhrif sameiningar á skipulag og þjónustu kirkjunnar (sp 5, 6 og 10) þá telja prestar/djákna að hún hafi bæði batnað og versnað, en hærra hlutfall sóknarnefndarfólks telur að enga breytingu hafa orðið, mestur er munurinn þegar spurt var um þjónustu kirkjunnar (sp 10).

Tafla 3: Áhrif þjónustu kirkjunnar (sp 10)

	Betri		Engin		Versnað			
Prestur/djákni	16	47%	6	18%	12	35%	34	100%
Sóknarnefndarfólk	22	24%	56	62%	13	14%	91	100%

Þá er hærra hlutfall presta/djákna (55% - sóknarnefndarfólk 31%) sem telur að stuðningur Biskupsstofu við sameininguna (sp 8) hafi verið slæmur. Í öðrum spurningum eru prestar/djákna ívið jákvæðari til sameiningarinnar og áhrifa hennar, en þar er munurinn minni.

Niðurstöður

Ávinningur af sameiningu er mestur í þeim þáttum sem falla undir starfsvið presta og minni þegar kemur að starfsemi sóknanna. Það kemur einnig fram í því að prestar og djákna eru jákvæðari til sameiningarinnar en sóknarnefndarfólk. Það eru vísbendingar um að eftir því sem lengra er liðið frá sameiningu eykst jákvæðni til sameiningar. Mest óánægja er með stuðning Biskupsstofu við sameininguna. Þá er nokkuð stór hópur sem telur að engin breyting hafi orðið, sem kemur einnig fram í opnum svörum.

Af niðurstöðunum má draga þá ályktun að með því að auka stuðning og samráð Biskupsstofu við sóknarnefndarfólk um sameiningu prestakalla má ná betri árangri. Hugsanleg næstu skref gætu verið að leggja áherslu á að skoða ávinning af sameiningu prestakalla fyrir sóknir.